



FUNDARGERÐ

2. FUNDUR RÁÐGJAFARNEFNAR FAGSTOFNANA OG EFTIRLITSAÐILA

Dags. fundar	Tími	Staður	Nr. fundar
14. mars 2013	13:00 – 15:00	Umhverfisstofnun	2
Fundarboðandi: Jórunn Harðardóttir		Fundarritari: Tryggvi Þórðarson	
Fundarmenn: Árni Einarsson, Árni Ísaksson, Árný Sigurðardóttir, Daði Þorbjörnsson, Eydís Líndal Finnbogadóttir, Guðmundur Stefánsson, Guðrún Þóra Garðarsdóttir, Ingunn E. Jónsdóttir, Jórunn Harðardóttir, Kristinn Einarsson, Magnús Jóhannsson, Ólafur Arnalds, Sigrún Ólafsdóttir, Sólveig R. Ólafsdóttir, Þorleifur Eiríksson, Þóroddur F. Þóroddsson, Tryggvi Þórðarson, Jóhanna B. Weisshappel.			
Forföll boðuðu: Edda Sigurdís Oddsdóttir, Marianne Jensdóttir.			
Afrit sent til: Fundarmanna og annarra fulltrúa.			
Dagskrá fundar:			
<ol style="list-style-type: none">1. Kynning á drögum að stöðuskýrslu og á stöðu innleiðingar laga um stjórn vatnamála.2. Fundargerð síðasta fundar.3. Önnur mál.			
Þetta gerðist:			
<p>JH setti fundinn og gerði grein fyrir vinnu sem farið hafði fram á vegum formanns og varaformanns á milli funda. Haldnir voru 3 fundir formanna og starfsmanna Umhverfisstofnunar í þeim tilgangi að skýra betur verkefni og hlutverk nefndarinnar. Þetta var síðan rætt betur undir önnur mál.</p>			
1. Kynning á stöðuskýrslu fyrir vatnasvæði Íslands			
Jóhanna Björk Weisshappel hjá Umhverfisstofnun kynnti drög að stöðuskýrslu fyrir vatnasvæði Íslands sem nú er í 6 mánaða opinberri kynningu. Í stöðuskýrslunni er m.a. gerð grein fyrir svokölluðu bráðabirgðayfirliti um mikilvæg atriði í vatnaáætlun en hún er um leið upphafið að vatnaáætlun fyrir vatnaumdæmið Ísland. Fram kom að þröng tímamörk gerðu það að verkum að birta varð stöðuskýrsluna í vinnsluferlinu en unnið er áfram að skýrslunni á meðan á kynningu stendur og á endanleg stöðuskýrsla að vera tilbúin haustið 2013. Gerði Jóhanna einnig nokkra grein fyrir þeirri vinnu sem fram hefur farið eftir að drögin fóru í kynningu. Nokkrar umræður urðu um stöðuskýrsluna og aðkomu nefndarinnar að henni. Fram kom að tekið er við athugasemdum í netfangið ust@ust.is eða bréflega til Umhverfisstofnunar, sbr. bls. 1 í drögumun.			
2. Fundargerð 1. fundar borin upp.			
Fundargerðin var samþykkt með einni breytingu.			
3. Önnur mál			
a) Gögn sem gætu nýst við stjórn vatnamála			
Framhald varð á umræðu 1. fundar um hvaða gögn einstakra stofnana myndu nýtast við vinnu við stjórn vatnamála. JH gerði grein fyrir drögum að töflu í Excel sem hefur verið til skoðunar formanns og varaformanns, ætluð til að stofnanirnar geti fyllt inn upplýsingar um slík gögn í þeirra varðveislu, m.a. um gæði og aðgengileika þeirra. Slíkur listi gæfi yfirlit yfir hvaða gögn eru til og hvort þau eru til þess fallin að nota í þessum tilgangi. Nokkur umræða varð um gæði gagna og nauðsyn þess að hnitsetningar/staðsetningar fylgi öllum gögnum. Bent var á þá miklu vinnu sem nauðsynleg væri til að tryggja lágmarksgæði eldri gagna þegar einhver lýsigögn vantaði. Einnig að það myndi koma viðkomandi stofnun til góða ef fram færi gæðamat á gögnum hennar vegna notkunar þeirra við stjórn vatnamála. ELF vakti athygli á því að stofnanir þar sem ekki væri mikil þekking á gagnagrunnum og GIS, gætu fengið leiðbeiningar um það hjá stofnunum sem hefðu þessa þekkingu hvernig skrá ætti gögn, m.a. Landmælingum Íslands. Niðurstaðan varð sú að form ofangreindrar töflu yrði fullunnið og hún síðan send fulltrúum stofnananna, sem myndu sjá til þess að upplýsingar um þeirra gögn yrði færðar inn.			
b) Næsti fundur			
Ákveðið var að stefna að næsta fundi í lok apríl nk. Fram kom ósk um að fundir yrðu boðaðir með nægilegum fyrirvara, t.d. tveggja vikna.			
Fleira gerðist ekki.			